BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu þrjá mánuði áranna 2010 og 2011

**2011**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. síkráningu nefndanna fyrir fyrstu þrjá mánuði áranna 2010 og 2011. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu þrjá mánuði áranna 2010 og 2011.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um tæplega 13% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 samanborið við fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Fjöldi tilkynninga var 2.148 fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 en 2.466 fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 43,6% tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 44,7% fyrstu 3 mánuði ársins 2010. Alls voru 31,9% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 32,8% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 23,5% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 21,9% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 1,0% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 0,5% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Í síkráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 8,2%. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 var hlutfallið 8,7%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,0% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 5,6% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra var 44,9% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 49,4% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 var 1.772 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2010 var 2.005 börn. Tilkynnt var því um tæplega 12% færri börn fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 en fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 28 fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 en 48 fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Flestar umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 71,4% umsókna, en 28,6% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Umsóknum úr nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur fækkaði mest miðað við fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Hlutfall umsókna fyrir drengi var rúmlega 64%. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,4 ár fyrstu þrjá mánuði ársins 2011.

Alls bárust 19 umsóknir um MST fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 24 umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Meðalaldur barnanna var um 15 ár og drengir voru í meirihluta þeirra barna sem sótt var um fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Hlutfall umsókna fyrir drengi var tæplega 79%.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 31 í 46 á umræddu tímabili. Fjölgunin var á umsóknum bæði fyrir tímabundið fóstur og styrkt fóstur. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 og var hlutfall umsókna fyrir drengi tæplega 61%

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 43 fyrstu þrjá mánuði ársins 2011, en 59 fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 72,1% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 og 71,2 % fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 voru 55 vistanir á neyðarvistun Stuðla, en þær voru 64 á sama tímabili árið á undan. Vistunardögum fækkaði fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 miðað við sama tímabil árið á undan úr 425 dögum í 400 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 var 38, en 46 á sama tímabil árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði um eina umsókn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2011 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 19 fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 1.076 | 43,6 | 1.027 | 47,8 |
| Seltjarnarnes | 11 | 0,4 | 12 | 0,6 |
| Kópavogur | 220 | 8,9 | 216 | 10,1 |
| Garðabær | 38 | 1,5 | 24 | 1,1 |
| Hafnarfjörður | 192 | 7,8 | 186 | 8,7 |
| Álftanes | 31 | 1,3 | 16 | 0,7 |
| Reykjanesbær | 167 | 6,8 | 85 | 4,0 |
| Grindavík | 36 | 1,5 | 41 | 1,9 |
| Sandgerðisbær, Garður og Vogar | 107 | 4,3 | 66 | 3,1 |
| Mosfellsbær | 66 | 2,7 | 41 | 1,9 |
| Akranes | 29 | 1,2 | 34 | 1,6 |
| Borgarfjarðar og Dala | 12 | 0,5 | 9 | 0,4 |
| Snæfellinga | 10 | 0,4 | 4 | 0,2 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 40 | 1,6 | 30 | 1,4 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 6 | 0,2 | 5 | 0,2 |
| Húnaþing vestra | 17 | 0,7 | 7 | 0,3 |
| A-Húnavatnssýsla | 14 | 0,6 | 11 | 0,5 |
| Skagafjörður | 16 | 0,6 | 7 | 0,3 |
| Útey | 23 | 0,9 | 37 | 1,7 |
| Eyjafjörður | 101 | 4,1 | 97 | 4,5 |
| Þingeyinga | 29 | 1,2 | 19 | 0,9 |
| Fljótsdalshérað | 12 | 0,5 | 18 | 0,8 |
| Fjarðabyggð | 41 | 1,7 | 22 | 1,0 |
| Hornafjörður | 5 | 0,2 | 15 | 0,7 |
| Árborg | 44 | 1,8 | 55 | 2,6 |
| Uppsveitir Árnessýslu | 10 | 0,4 | 5 | 0,2 |
| Hveragerði | 11 | 0,4 | 11 | 0,5 |
| Ölfus | 6 | 0,2 | 1 | 0,0 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 12 | 0,5 | 16 | 0,7 |
| Vestmannaeyjar | 84 | 3,4 | 31 | 1,4 |
| **Samtals** | **2.466** | **100,0** | **2.148** | **100,0** |

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði* | 1.634 | 66,3 | 1.522 | 70,9 |
| Landsbyggð | 832 | 33,7 | 626 | 29,1 |
| **Samtals** | **2.466** | **100,0** | **2.148** | **100,0** |

* Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

| Barnaverndarnefnd | **Fyrstu 3 mánuði 2010** | | **Fyrstu 3 mánuði 2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 827 | 41,2 | 806 | 45,5 |
| Seltjarnarnes | 11 | 0,5 | 11 | 0,6 |
| Kópavogur | 179 | 8,9 | 184 | 10,4 |
| Garðabær | 36 | 1,8 | 23 | 1,3 |
| Hafnarfjörður | 170 | 8,5 | 162 | 9,1 |
| Álftanes | 23 | 1,1 | 12 | 0,7 |
| Reykjanesbær | 150 | 7,5 | 83 | 4,7 |
| Grindavík | 30 | 1,5 | 32 | 1,8 |
| Sandgerði | 70 | 3,5 | 37 | 2,1 |
| Mosfellsbær | 54 | 2,7 | 34 | 1,9 |
| Akranes | 25 | 1,2 | 26 | 1,5 |
| Borgarfjarðar og Dala | 12 | 0,6 | 9 | 0,5 |
| Snæfellinga | 10 | 0,5 | 4 | 0,2 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 34 | 1,7 | 27 | 1,5 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 6 | 0,3 | 5 | 0,3 |
| Húnaþing vestra | 13 | 0,6 | 7 | 0,4 |
| A-Hún | 14 | 0,7 | 8 | 0,5 |
| Skagafjörður | 13 | 0,6 | 7 | 0,4 |
| Útey | 23 | 1,1 | 37 | 2,1 |
| Eyjafjörður | 88 | 4,4 | 80 | 4,5 |
| Þingeyingar | 26 | 1,3 | 19 | 1,1 |
| Fljótsdalshérað | 12 | 0,6 | 18 | 1,0 |
| Fjarðabyggð | 41 | 2,0 | 22 | 1,2 |
| Hornafjörður | 5 | 0,2 | 15 | 0,8 |
| Árborg | 44 | 2,2 | 46 | 2,6 |
| Uppsveitir Árnessýslu | 9 | 0,4 | 5 | 0,3 |
| Hveragerði | 10 | 0,5 | 10 | 0,6 |
| Ölfus | 4 | 0,2 | 1 | 0,1 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 9 | 0,4 | 16 | 0,9 |
| Vestmannaeyjar | 57 | 2,8 | 26 | 1,5 |
| **Samtals** | **2.005** | **100,0** | **1.772** | **100,0** |

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði | 1.277 | 63,7 | 1.232 | 69,5 |
| Landsbyggð | 728 | 36,3 | 540 | 30,5 |
| **Samtals** | **2.005** | **100,0** | **1.772** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun

| | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 1.328 | 66,2 | 1.172 | 66,1 |

## Ástæður tilkynninga*

| Ástæður tilkynninga | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **809** | **32,8** | **686** | **31,9** |
| Líkamleg vanræksla | 33 | 1,3 | 44 | 2,0 |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 675 | 27,6 | 587 | 27,3 |
| *Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 215 | 8,7 | 176 | 8,2 |
| Vanræksla varðandi nám | 36 | 1,5 | 40 | 1,9 |
| Tilfinningaleg vanræksla | 93 | 3,8 | 47 | 2,2 |
| **Ofbeldi** | **541** | **21,9** | **504** | **23,5** |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 307 | 12,4 | 266 | 12,4 |
| *þar af heimilisofbeldi | 139 | 5,6 | 108 | 5,0 |
| Líkamlegt ofbeldi | 157 | 6,4 | 126 | 5,9 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 96 | 3,9 | 110 | 5,1 |
| **Áhættuhegðun** | **1.103** | **44,7** | **936** | **43,6** |
| Neysla barns á vímuefnum | 232 | 9,4 | 177 | 8,2 |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 210 | 8,5 | 266 | 12,4 |
| Afbrot barns | 498 | 20,2 | 329 | 15,3 |
| Barn beitir ofbeldi | 120 | 4,9 | 121 | 5,6 |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 62 | 2,5 | 57 | 2,7 |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **13** | **0,5** | **22** | **1,0** |
| **Tilkynningar alls** | **2.466** | **100,0** | **2.148** | **100,0** |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu** | **38** | | **48** | |

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 16 | 0,6 | 25 | 1,2 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 124 | 5,0 | 126 | 5,9 |
| Nágrannar | 154 | 6,2 | 161 | 7,5 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 36 | 1,5 | 37 | 1,7 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 39 | 1,6 | 58 | 2,7 |
| Lögregla | 1.219 | 49,4 | 965 | 44,9 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 293 | 11,9 | 273 | 12,7 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 22 | 0,9 | 43 | 2,0 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 191 | 7,7 | 142 | 6,6 |
| Foreldrar barns | 221 | 9,0 | 193 | 9,0 |
| Aðrir | 151 | 6,1 | 125 | 5,8 |
| **Samtals** | **2.466** | **100,0** | **2.148** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 22 | 45,8 | 20 | 71,4 |
| Götusmiðjan* | 18 | 37,5 | | |
| Meðferðarheimili | 8 | 16,7 | 8 | 28,6 |
| **Samtals** | **48** | **100,0** | **28** | **100,0** |

*Meðferðarheimili Götusmiðjunnar hætti starfssemi í júní 2010

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 18 | 37,5 | 17 | 60,7 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 19 | 39,6 | 3 | 10,7 |
| Landsbyggð | 11 | 22,9 | 8 | 28,6 |
| **Samtals** | **48** | **100,0** | **28** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Kyn | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 24 | 50,0 | 18 | 64,3 |
| Stúlkur | 24 | 50,0 | 10 | 35,7 |
| **Samtals** | **48** | **100,0** | **28** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 3 mánuði 2010 | Fyrstu 3 mánuði 2011 |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 15,2 | 15,4 |

## Umsóknir um MST

### Umsóknir eftir landsvæði

| **Landsvæði** | **Fyrstu 3 mánuði 2010** | | **Fyrstu 3 mánuði 2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 11 | 45,8 | 9 | 47,4 |
| Aðrir | 13 | 54,2 | 10 | 52,6 |
| **Samtals** | **24** | **100,0** | **19** | **100,0** |

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

| **Kyn** | **Fyrstu 3 mánuði 2010** | | **Fyrstu 3 mánuði 2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 11 | 45,8 | 15 | 78,9 |
| Stúlkur | 13 | 54,2 | 4 | 21,1 |
| **Samtals** | **24** | **100,0** | **19** | **100,0** |

### Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

| **Meðalaldur barna** | **Fyrstu 3 mánuði 2010** | **Fyrstu 3 mánuði 2011** |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 14,0 | 15,2 |

# Umsóknir um fóstur

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 24 | 77,4 | 33 | 71,7 |
| Varanlegt | 1 | 3,2 | 1 | 2,2 |
| Styrkt | 6 | 19,4 | 12 | 26,1 |
| **Samtals** | **31** | **100,0** | **46** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 18 | 58,1 | 20 | 43,5 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 2 | 6,5 | 11 | 23,9 |
| Landsbyggð | 11 | 35,5 | 15 | 32,6 |
| **Samtals** | **31** | **100,0** | **46** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Kyn | Fyrstu 3 mánuði 2010 | | Fyrstu 3 mánuði 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 18 | 58,1 | 28 | 60,9 |
| Stúlkur | 13 | 41,9 | 18 | 39,1 |
| **Samtals** | **31** | **100,0** | **46** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 3 mánuði 2010 | Fyrstu 3 mánuði 2011 |
|---|---|---|
| **Samtals** | **9,7** | **12,1** |

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | Fyrstu 3 mánuði 2010<br>Fjöldi | Fyrstu 3 mánuði 2011<br>Fjöldi |
|---|---|---|
| Rannsóknarviðtöl | 59 | 43 |
| a. Skýrslutökur | 13 | 10 |
| b. Könnunarviðtöl | 46 | 33 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 37 | 23 |
| Læknisskoðanir | 7 | 7 |

## Kyn barna í Barnahúsi*

| **Kyn** | **Fyrstu 3 mánuði 2010** | | **Fyrstu 3 mánuði 2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 17 | 28,8 | 12 | 27,9 |
| Stúlkur | 42 | 71,2 | 31 | 72,1 |
| **Samtals** | **59** | **100,0** | **43** | **100,0** |

*Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Neyðarvistun á Stuðlum

## Neyðarvistun á Stuðlum

| | Fyrstu 3 mánuði 2010 | Fyrstu 3 mánuði 2011 |
|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi |
| Fjöldi vistana | 64 | 55 |
| Vistunardagar | 425 | 400 |
| Fjöldi einstaklinga | 46 | 38 |

## Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

| **Kyn** | **Fyrstu 3 mánuði 2010** | | **Fyrstu 3 mánuði 2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 23 | 50,0 | 25 | 65,8 |
| Stúlkur | 23 | 50,0 | 13 | 34,2 |
| **Samtals** | **46** | **100,0** | **38** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| **Hvaðan koma umsóknir?** | **Fyrstu 3 mánuði 2010** | | **Fyrstu 3 mánuði 2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni* | 10 | 52,6 | 10 | 55,6 |
| Vesturland | 1 | 5,3 | 2 | 11,1 |
| Vestfirðir | 0 | 0,0 | 1 | 5,6 |
| Norðurland | 3 | 15,8 | 0 | 0,0 |
| Austurland | 1 | 5,3 | 0 | 0,0 |
| Suðurland | 2 | 10,5 | 0 | 0,0 |
| Reykjanes | 2 | 10,5 | 4 | 22,2 |
| Fólk búsett erlendis | 0 | 0,0 | 1 | 5,6 |
| **Samtals** | **19** | **100,0** | **18** | **100,0** |

*Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.